

Nd.

134. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa á sameiginlegum fundi haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Til nefndanna bárust bréf frá A.S.Í. og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem birt eru sem fylgiskjöl.

Á fundi nefndanna mætti Bjarni Bragi Jónsson forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, og veitti hann nefndunum þær upplýsingar, sem um var beðið, og gerði grein fyrir ýmsum atriðum varðandi frumvarpið.

Það leikur ekki á tveim tungum, að mjög hagstæð þróun efnahagsmála okkar hefur orðið síðari hluta árs 1969 og framan af þessu ári. Þann ábata, sem náðst hefur, ber að varðveita og reyna jafnframt að stuðla, svo sem föng eru á, að áframhaldandi hagstæðri þróun þessara mála.

Annars vegar er þróun efnahagsmála okkar háð óvissum aflbrögðum og verðlagi á erlendum mörkuðum, hins vegar skynsamlegri stjórn okkar á þeim málum og samræmdum aðgerðum á öllum helztu sviðum þeirra.

Það er ljóst mál, að verði ekkert aðhafzt nú, blasir við hættuleg þróun vixlhækkana kaupgjalds og verðlags, sem á skömmum tíma mundi raska samkeppnis- aðstöðu atvinnuveganna og leiða til óhagstæðra viðskipta þjóðarinnar út á við og stöðva áframhaldandi hagvöxt. Í frv. því, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, eru gerðar tillögur, sem ætlað er að hamla á móti þessu og koma í veg fyrir, að þær kjarabætur, sem launþegar hafa fengið á þessu ári, raskist eða verði að engu.

Þá mættu á fundi nefndanna þeir Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, form. verðlagsnefndar, og Kristján Gíslason verðlagsstjóri og veittu upplýsingar varðandi verðlagsþróunina.

Vegna ummæla við l. umr. þessa máls, þar sem því var haldið fram, að miklar og óeðlilegar verðhækkningar hefðu átt sér stað næstu daga og vikur, áður en frv. þetta var lagt fram, gaf verðlagsstjóri þær upplýsingar á fundi nefndanna, að við athuganir verðlagsskrifstofunnar síðustu daga hefði ekki orðið vart neinna dæma um óeðlilega verðlagsþróun á þeim tíma.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1970.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Unnar Stefánsson,
fundaskr.

Geir Hallgrímsson.

Pálmi Jónsson.

Fylgiskjal I.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd neðri deildar
Alþingis
Þórshamri.

11. nóv. 1970.

Hjálágt sendum vér yður samrit af bréfi því, er í morgun var afhent forsætisráðherra.

Er þar mörkuð afstaða Miðstjórnar Alþýðusambands Íslands til frumvarps ríkisstjórnarinnar um „ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis“.

Þetta tilkynnist háttvirtri fjárhagsnefnd hér með:

Virðingarfyllt
Alþýðusamband Íslands
Hannibal Valdimarsson.

11/11 1970.

Á fundi sínum í gærkveldi tók miðstjórn Alþýðusambands Íslands afstöðu til frumvarps ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, með svo hljóðandi ályktun:

„Vegna framkomins frumvarps ríkisstjórnarinnar um „ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis“ ályktar miðstjórn Alþýðusambands Íslands eftirfarandi:

1. Að hún mótmæli eindregið þeim ákvæðum frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu á launum samkvæmt samningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní s. l. og síðar með þeim hætti, að umsömdum vísitölugrundvelli er breytt til kaupskerðingar um 1 stig, 2 vísitölustig felld niður í sama tilgangi og verðlagsbætur miðaðar við tíma, sem launafólki er um sinn mun óhagstæðari en samningar kveða á um.

2. Að hún telur, að með þessum hætti sé grundvelli samninganna frá 19. júní s. l. og síðar kippt brott og þeir því úr gildi fallnir hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi frumvarpsákvæði lögfest.

3. Að hún hvetur því öll sambandsfélög til að tilkynna viðsejendum sínum, að þau muni krefjast nýrra kjarasamninga, komi skerðingarákvæði frumvarpsins til framkvæmda.

4. Að hún vísar til samþykktar sinnar frá 11. október s. l. og staðhæfir, að unnt sé eftir þeim leiðum, sem þar er bent á, að stöðva verðbólguþróunina, án þess að grípa þurfi til lögbvingaðra breytinga á gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðsfélaganna.

5. Að hún telur, að frjáls samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar sé þverbrotinn með framangreindum ákvæðum, ef að lögum verða, og að tvísýnt sé um framtíð hans, ef slíkri aðför að honum er ekki mætt með fyllstu samstöðu af hálfu verkalýðssamtakanna. Einnig telur miðstjórnin, að nái ógilding lögmætra samninga nú fram að ganga, leiði það óhjákvæmilega til þess, að ekki verði unnt að gera kjarasamninga nema til fárra mánaða í senn til stöðugar óvissu fyrir báða aðila vinnumarkaðarins.“

Þetta tilkynnist yður hér með, hæstvirtur forsætisráðherra.

Virðingarfyllt
Alþýðusamband Íslands
Hannibal Valdimarsson.

Til forsætisráðherra Jóhanns Hafstein
Stjórnarráðinu
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis
Reykjavík.

Reykjavík, 10. nóv. 1970.

Í tilefni af frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuaukningar, sem nú er til meðferðar hjá fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, leyfum vér oss að taka fram eftirfarandi:

Eins og komið hefur fram í viðræðum við ríkisstjórn Íslands, er Vinnuveitendasamband Íslands þeirrar skoðunar, að miklar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags séu efnahagslífi þjóðarinnar hættulegar.

Þetta sjónarmið kom áþreifanlega fram í samningaviðræðum Vinnuveitendasambands Íslands við verkalýðsfélögin fyrir og í verkföllum s. l. vor, sem enduðu með samningum undirrituðum 19. júní s. l.

Staðreyndir þær, sem nú liggja fyrir, og áætlaðar hækkanir í náinni framtíð, eru svipaðar, að vísu nokkuð hærri en tölur þær, sem samningsaðilar höfðu í höndum í verkföllum, og koma því engum á óvart í sjálfu sér.

Í þeim útreikningum var reiknað með, að kauphækkanirnar færu út í verðlagið innanlands, en útflutningurinn yrði að taka þær á sig.

Þessu var margyfirlýst, bæði við stjórnvöld og samninganefndir verkalýðsfélaganna, og enn fremur, að einhverra „ráðstafana“ væri þörf, ef ekki ætti að koma til stöðvunar í atvinnurekstri og alvarlegt öryggisleysi að skapast á vinnumarkaðinum.

Það var þó mat manna, eftir að hin almennu verkföll höfðu staðið á 4. viku, að rétt væri að semja um það, sem þá var hægt minnst, í stað þess að skaða þjóðfélagið frekar, með allsherjarverkföllum um ófyrirsjáanlegan tíma, í von um örlítið lægri kauphækkunarþróentu.

Alls töpuðust í verkföllum rúmlega 300 þúsund vinnudagar, og segir það sína sögu, hve alvarlegum augum vér lítum á áhrif samningagerðarinnar.

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér, blasa nú við, ef ekkert verður að gert, kauphækkanir, sem eins og áður segir yrðu höfuðatvinnuvegum landsmanna ofviða.

Í þessu sambandi leyfum vér oss að benda á, að allur útflutningur landsmanna hefur frá s. l. áramótum orðið að taka á sig kauphækkanir, sem nema um 28.1% (26.5% frá maíkaupi), en 23% samkvæmt nýjum ákvæðum í samningum frá 19. júní 1970, en fiskiðnaðurinn 0.2% meir.

Allur sá atvinnurekstur, sem háður er verðákvörðun Verðlagsnefndar, að undantekinni útseldri vinnu, hefur tekið á sig 4.21% kauphækkun samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu reiknaðri út í byrjun ágúst s. l. og sem kom til greiðslu frá og með 1. sept. s. l. án þess að fá þá kauphækkun inn í verðlagið, auk margvíslegra annarra reksturskostnaðarhækkana, sem ekki hefur verið tekið tillit til í verðákvörðunum.

Til viðbótar framangreindum áföllnum kauphækkunum er í fyrrgreindu frumvarpi ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að leggja á atvinnureksturinn sérstakan launaskatt á tímabilinu 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971, 1.5% af greiddum launum. Skattur þessi, þar sem óleyfilegt er að láta hann koma fram í verðlagi, kemur afar mismunandi niður á hinar ýmsu atvinnugreinar eftir því, hve kaupgreiðslur eru mikill hluti af reksturskostnaði fyrirtækja.

Útflutningsatvinnuvegirinnir verða af augljósum ástæðum að taka hann einnig allan á sig og skerðir því samkeppnisaðstöðu þeirra.

Vér leyfum oss að gera tillögu um, að þessum sérstaka launaskatti verði skipt á launagreiðendur og launþega, þannig að 0.75% komi í hvors hlut. Vér bendum á í því sambandi, að ekki er fellt bótalaust niður neitt af kaupgreiðsluvísitölunni,

heldur frestað, að tveggja stiga hækkun komi til framkvæmda þar til 1. sept. 1971, en samkvæmt greinargerð með frumvarpinu veldur það ekki kjararárnrnun hjá launþegum á fyrrgreindu tímabili vegna annarra ráðstafana, sem í frumvarpinu felast.

Launagreiðendur taka hins vegar á sig hinn sérstaka launaskatt, 245 millj. króna á þeim 3 ársfjórðungum, sem verðstöðvuninni er ætlað að standa samkvæmt frumvarpinu, þ. e. kr. 327 millj. á ársgrundvelli. Þessi skattur verður afar tilfinnanlegur fyrir allar atvinnugreinar landsmanna.

Þessi skipting launaskattsins mundi draga nokkuð úr þessum vandkvæðum og skerða minna samkeppnisaðstöðu útflutningsatvinnuveganna.

Vér viljum einnig benda á, að eðlilegt er, að hinn sérstaki launaskattur sé aðeins lagður á tryggingarkaup fiskimanna, þar sem kaupgreiðsluvísitalan reiknast aðeins af þeim hluta tekna þeirra.

Vér leyfum oss enn fremur að benda á, að fyrirhuguð hækkun almannatryggingagjalds er að 14 hundraðshlutum greidd beint af atvinnurekendum skv. 23. gr. l. nr. 43 1963, um almannatryggingar, en allan kostnað af slysatryggingum skv. 40. gr. sömu laga bera atvinnurekendur.

Það skal viðurkennt, að frumvarp þetta er jákvætt, þar eð hag atvinnuveganna, launþeganna og ríkissjóðs væri stefnt í voða, ef ekkert væri að hafzt. Æskilegt hefði þó verið, að um nauðsynlegar aðgerðir hefði náðst samkomulag með frjálsum samningum milli allra málsaðila, en þess var því miður ekki kostur.

Virðingarfyllst,

Benedikt Gröndal.

Björgvin Sigurðsson.